

Efni: Umsögn Hörgársveitar um matsskýrslu vegna Blöndulínu 3

Skipulagsstofnun hefur óskað eftir umsögn Hörgársveitar um matsskýrslu Blöndulínu 3 sem nú er í auglýsingarferli skv. 1. mgr. 23. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Hörgársveit bendir á að í aðalskipulagi sveitarfélagsins er gert ráð fyrir að flutningslínur raforku verði í jörðu. Aðalvalkostur sem kynntur er í matsskýrslu Blöndulínu 3 gerir ráð fyrir að línan verði alfarið útfærð sem loftlína innan marka sveitarfélagsins og gerir Hörgársveit athugasemd við að fyrirhuguð útfærsla línunnar samræmist ekki gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins að því leyti.

Línuleið aðalvalkostar um sveitarfélagið er m.a. um Öxnadal (leiðarvalkostur C2) en í umhverfismatinu voru áhrif um 5,7 km langs jarðstrengskafla við Hraun og Hólahóla metin (valkostur C2j5). Aðalvalkostur sem kynntur er í matsskýrslunni nýtir ekki valkost C2j5 heldur gerir ráð fyrir loftlínu á umræddu svæði. Í samantekt á bls.264 í kafla 13.8.2. í matsskýrslunni kemur fram að Landsnet telji að þegar „á heildarleiðir valkosta [sé] litið [séu] jarðstrengskaflar við Staðarbakka og við Hraun ekki að draga úr einkennum heildaráhrifa“ af mannvirkinu. Af matsskýrslunni má ráða að í ljósi þessa telji Landsnet það ekki hafa hagfelld áhrif á sjónræn áhrif mannvirkisins að leggja línuna í jörð á þessum kafla. Hörgársveit hafnar þessari niðurstöðu og átelur að niðurstaðan sem þarna er sett fram sé bersýnilega ekki í samræmi við greiningargögn sem fram fram koma í skýrslunni. Hraun og umhverfi þess er einstakt á landsvísu sökum náttúrufegurðar og sögu staðarins, eins og reyndar má ráða af t.d. töflu 13.8 í matsskýrslunni. Áhrif loftlínu á nærumhverfi sitt á þessu svæðisins eru án nokkrus vafa verulega neikvæð, eins og reyndar má ráða af samantekt á 23. síðu matsskýrslunnar í pdf sniði (blaðsíðutal vantar á síðuna). Útfærsla línunnar sem jarðstrengs á þessum kafla (valkostur C2j5) myndi augljóslega draga úr neikvæðum áhrifum mannvirkisins á þessu verðmæta og viðkvæma svæði, eins og reyndar kemur afdráttalaust fram í töflu 13.9 í matsskýrslunni. Niðurstaða matsins varðandi áhrif jarðstrengskafla við Hraun (valkost C2j5) sem kynnt er í kafla 13.8.2 gengur að mati Hörgársveitar í berhöggi við augljósar staðreyndir og gögn sem annarsstaðar koma fram í matsskýrslunni og er því efnislega röng. Hörgársveit telur óviðunandi að val aðalvalkostar byggist á villandi og órökstuddri matsniðurstöðu að þessu leyti.

Hörgársveit gerir ennfremur athugasemd við valda línuleið þar sem hún liggur næst bæjum í Öxnadal, á Þelamörk og í Kræklingahlíð. Í Öxnadal er miðlína aðalvalkostarins á bilinu 230 m til 480 m frá bæjarhúsum auk þess sem gistipjónusta sem starfrækt er í Engimýri 3 er í um 500 m fjarlægð. Á Þelamörk er miðlína aðalvalkostarins í um 240 m fjarlægð frá íbúðarhúsinu í Garðshorni, en annars í 540 m til 640 m fjarlægð frá þeim bæjum sem næst standa. Í Kræklingahlíð er miðlína aðalvalkostarins í um 340 m fjarlægð frá íbúðarhúsi á Ásláksstöðum, í um 480 m fjarlægð frá íbúðarhúsum í Bitrugerði. Línumannvirkið mun skerða umhverfisgæði sem íbúar á svæðinu búa við, bæði vegna mikilla sjónrænna áhrifa og vegna hljóðmengunar sem vart verður við ákveðin skilyrði. Auk skerðingar á umhverfisgæðum íbúa gefur auka leið að línumannvirkið mun leiða til skerðingar á virði fasteigna sem nærri því standa. Hörgársveit telur að mjög megi draga úr þessum áhrifum með að hliðra línunni fjær bæjum á þessum línuköflum. Með að hliðra legu línunnar yfir Moldhaugnaháls upp að Litlahnjúk megi milda stórlega fyrrgreind áhrif á byggð á Þelamörk og í Kræklingahlíð. Vera má að slík hliðrun kalli á að velja þurfi sterkari möstur og leiðara á þeim kafla leiðarinnar en Hörgársveit telur augljóst að slík útfærsla sé tæknilega möguleg og að staðbundin aukning á efniskostnaði eigi ekki að skáka umhverfislegum ávinnigi sem hlytist af hliðrun línunnar.

Samþykkt í sveitarstjórn Hörgársveitar 12.5.2022